# Grunnur – Verkefni 13: Myndvinnsla

Verkfærin. Athugið að hvert verkfæri hefur flýtilykil eða lykla (stafirnir í sviga) sem er gott að nota.

Þegar þú nærð í möppuna, hægri smelltu á hana og veldu **draga allt út**, veldu skjöl og OK.
Vinndu í verkefninu í möppunni **Myndvinnsla** sem er núna í Skjöl hjá þér.




**Verkefni með verkfærin**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1a | | Á nam.hringsja.is: Hægrismelltu á **01-VerkefniA** og veldu **Open with**, **Paint.net** | Paint.net er einfalt mynd-vinnsluforrit |
| | | Hér ætlunin að æfa 4 verkfæri:<br>**Color Picker**, **Paint Bucket**, **Pencil** og **Line / Curve**.<br>Í myndfletinum eru göt sem á að hella lit í. | Götin eru sýnd með rúðumynstri.<br> |
| | 1<br>2<br>3<br>4 | Helltu litum til að búa til fánana.<br> | |
| 1b | | Opnaðu myndina **01-VerkfærinB**<br>Hér æfum við verkfærin **Rectangle Select**, **Move**, **Lasso Select**, **Magic Wand**, **Eraser** og **Text** | |
| | 1 | Veldu og færðu kettina í rauða kassann (ekki fara yfir rauðu línurnar!)<br>Ýttu á Enter til að ljúka færslunni<br>Veldu **Paint Bucket** og hægrismelltu á götin til að hella hvítum lit í þau. |  |
| | 2 | Notaðu **Lasso Select** til að velja óreglulegt svæði utan um stóra hundinn. Þú getur notað **Ctrl** lykilinn með músinni til að velja meira eða **Alt** til að velja minna. |  |
| | 3 | Notaðu **Magic Wand** til að velja gula litinn og Delete lykil til að eyða honum. Notaðu **Eraser** til að eyða |  |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | svörtu stöfunum. Helltu hvítum lit í gatið. Skrifaðu *Todd Marrone* hægra megin í **14 pt svörtu** letri.<br><br>*(framhald á bakhlið)* | |
| 1c | 1 | Notaðu **Magic Wand** til að velja afmarkaðan reit.<br>Veldu lit í **Color** glugganum.<br>Veldu **Gradient** verkfærið og veldu **tegund Gradient** uppi til vinstri.<br>Dragðu með músinni yfir eða út frá valda svæðinu.<br>Notaðu litlu punktana til að færa skilin á milli litanna.<br>Gættu þess að svæðið sé ekki valið þegar þú byrjar á næsta formi. |  |
| 1d | | Veldu **Clone Stamp**. Breyttu **Brush Width** í **10**<br>Haltu niðri Ctrl lykli og smelltu við hlið rispu (til að velja svæði með líkan lit). Slepptu Ctrl lyklinum.<br>Dragðu yfir rispuna til að afrita valda svæðið. |  |
| | | | |
| 2a | | Lesning um RGB liti: Tölvuskjáir nota ljósliti. Þeir eru blandaðir úr 3 grunnlitum ljóss: rauðu (R), grænu (G) og bláu (B). Hver grunnlitur getur haft styrk frá 0 (ekkert ljós) upp í 255 (fullur styrkur). Með þessu kerfi er hægt að búa til yfir 16 miljón liti! | |
| | | Í verkefninu æfir þú að blanda nokkra algenga RGB liti. | |
| 2b | | Meiri litablöndun!<br>Gættu þess að hvert atriði er á sér lagi (layer). Notaðu Layers gluggann til að velja lag. | |
| | | | |
| 3 | | Opnaðu PDN verkefnið 03-Afrita myndir<br>Opnaðu aðrar myndir merktar verkefni 3.<br>Notaðu File -> Open til að opna þessar myndir.<br>Hér áttu að afrita myndefni úr öðrum myndum og líma inn í þessa mynd eins og fyrirmyndin sýnir. Límdu hverja mynd inn í nýtt lag með **Edit -> Paste Into New Layer**.<br>Ef mynd hefur bakgrunn þarf að eyða honum. | |
| | | | |
| 4a | | Veldu afmarkaða svæðið<br>Notaðu **Image -> Crop To Selection** til að klippa það út<br>Stækkaðu myndflötinn í 420 x 420 út frá miðju með **Image -> Canvas Size** |  |
| 4b | | Skerðu þessa mynd eins og sýnt er. |  |
| 4c | | Fylgdu leiðbeiningunum í myndinni.<br>Hugmyndin er að setja mynd af stúlku framan við myndina af Hallgrímskirkju þannig að stúlka virðist hafa staðið þar.<br>Það gæti borgað sig að opna stúlkumyndina sér og fjarlægja bakgrunninn áður en hún er afrituð.<br>Notaðu Magic Wand með „tolerance“ = ca. 30 og stórt strokleður (ca. 25) til að snyrta stúlkuna eftir Magic Wand.<br>Feldu lagið Texti og vistaðu myndina, bæði sem PDN verkefni og sem PNG mynd. Lokaðu henni svo án þess að vista frekar. |  |